

**Nefndasvið Alþingis við Austurvöll
Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis**

Umsögn um: Tillögu til þingsályktunar um endurskoðaða landsskipulagsstefnu 2015-2026.

Á 151. Löggjafarþingi 2020-2021.

Þingskjal 1184 - 705. mál.

Sendandi: Sveinn Runólfsson, fyrrverandi landgræðslustjóri. sveinnrun@gmail.com

Umsögn

Undirritaður fagnar tillögu til þingsályktunar um endurskoðaða landsskipulagsstefnu 2015-2026 frá umhverfis- og auðlindaráðherra, og telur tillöguna vera jákvætt skref í skipulagsmálum í baráttunni við loftslagsbreytingar, sem miðar að loftslagsmiðuðu skipulagi. Verkefnin eru ærin á því sviði, þó margt hafi vissulega áunnist með bættu skipulagi á undanförunum áratugum.

Í eftirfarandi umsögn er eingöngu vikið að kafla **6.3. Nýting vindorku í sátt við umhverfi og samfélag.**

Fyrirsögn þessa kafla er í raun fráleit, því allir þeir sem hafa kynnt sér afleiðingar vindorkuvera erlendis hljóta að gera sér grein fyrir að uppsetning vindorkuvera hér á landi, með þessum risastóru mannvirkjum sem áformuð eru, getur aldrei orðið í sátt við umhverfi né samfélag, hvergi nokkurs staðar á okkar einstaka landi. Í tillögunni sem hér er til umfjöllunar virðist vanta heildarsýn fyrir landið, það er engin tilraun gerð til þess að móta heildræna nýtingu vindorku á landsvísu.

Vindorkan er auðlind sem er þjóðareign Íslendinga og á því að vera ráðstafað til nýtingar með sameiginlegum hætti alls staðar á landinu, það er að fjallað verði í rammaáætlun um öll fyrirhuguð vindorkuver. Það er afar óheppilegt að það skuli ekki vera búið fyrir löngu að lögfesta skiptingu alls landsins í þrjú megin svæði:

- a) Rauð svæði þar sem uppsetning vindorkuvera kemur aldrei til greina.
- b) Gul svæði þar sem nánari rannsókn er þörf.
- c) Græn svæði sem koma til greina fyrir vindorkuver að uppsylltum skilyrðum eins og hér er lagt til.

Því er fráleitt að einstaklingar, fyrirtæki eða einstaka sveitarstjórnir eins og hér er lagt til geti tekið sér rétt til að nýta þessa náttúruauðlind og valdið íbúum og náttúrunni skaða og óþægindum. Skaðað ferðaþjónustu og útivist og lækkað verð á fasteignum í þeim sveitarfélögum þar sem vindorkuver kunna að rísa. Það er engu líkara en hér geysi tísku faraldur í áhuga fyrirtækja og fjárfesta á að reisa hér vindorkuver. Á fjórða tug aðila hafa leitað til Orkustofnunar og óskað eftir heimild til að reisa vindorkuver. Svo virðist sem

fjárfestar og aðrir vilji festa sér hagstætt stæði í landinu þrátt fyrir að undirbúningur margra þeirra virðist vera afar skammt á veg kominn. En á hinn bóginn eru mörg vindorkuver fullhönnuð og fimm þeirra hafa hlotið afgreiðslu í 4. áfanga rammaáætlunar. Tvö þeirra voru sett í biðflokk, en þrjú í nýtingarflokk. Það vekur furðu hversu langt undirbúningur er kominn í uppbyggingu nokkurra vindorkuvera án þess að nokkur kynning hafi átt sér stað til sveitarstjórna og íbúa hlutaðeigandi byggða.

Ef slík mannvirki væru byggð á óbyggðum víðernum væri ekki lengur um slíkt svæði að ræða heldur orkuframleiðslusvæði. Með hliðsjón af því að stjórnvöld hafa nú þegar lögfest þá fyrirætlun sína „að standa vörð um óbyggð víðerni landsins“ þá getum við treyst því að slíkt mun ekki gerast, eða hvað?

Meirihluti fyrirhugaðra vindorkuvera virðist vera í eigu erlendra fyrirtækja með hérlenda samverkamenn. Stórfellt erlent eignarhald á raforkuframleiðslu hér á landi hlýtur að vera umhugsunarvert fyrir stjórnvöld og þjóðina alla. Láta mun nærri að ef af öllum þessum vindorkuverum yrði, væri uppsett afl þeirra mun meira en öll raforkuframleiðslan í dag. Hvað á að gera við alla þessa orku og hverjir ætla að kaupa hana?

Margar rannsóknir sýna að ferðamenn sækja Ísland heim fyrst og fremst vegna upplifunar af lítt spilltri náttúru og víðerni. Verði farið út á þá braut að byggja hér vindorkuver þá mun verðmæt ímynd um vindmyllulaust land skaðast verulega. Ímynd sem verður æ verðmætari fyrir þjóðarbúið þegar fram líða stundir. Vindorkuverum fer nú ört fjölgandi í allri Evrópu og víðar um heim, þar sem verulegur skortur er á orku sem framleidd er með umhverfisvænni hætti. Við erum svo lánsöm að þurfa ekki á þessari lausn að halda hér á landi. Í vaxandi mæli eru vindorkuver erlendis staðsett á grunnsævi við strandríki vegna andstöðu íbúa sem verða fyrir barðinu á vindorkuverum í byggð.

Vindmyllur eru alltaf mjög áberandi í landslagi og geta aldrei annað en haft mjög mikil sjónræn áhrif. Erlendis er talið að vindorkuverin, svipuð þeim sem nú eru fyrirhuguð hér á landi, sjáist í að minnsta kosti 40 km fjarlægð og jafnvel í allt að 50 km. Enda samsvarar hæð þeirra nærri þremur Hallgrímskirkjuturnum.

Vindorkuver hafa margvísleg áhrif, ekki bara á náttúruna og ásýnd lands heldur einnig á heilsu fólks, samfélög og atvinnugreinar sérstaklega ferðaþjónustu og útivist. Hvergi virðist vera minnst á þá hættu sem fólki sem býr í nálægð vindorkuvera stafar af innhljóðum né tíðni hljóðbylgja frá vindorkuverunum og skuggatífi frá þeim. Fjöldi erlendra ritryndra vísindagreina sýna þá hættu. Sama gildir um þá ógn sem búfé og eldisdýrum í húsum nálægt vindorkuverum stafar af sömu orsökum frá vindorkuverum. Enginn minnst á þau miklu kolefnisspor sem hljóttast af framleiðslu á öllum hlutum vindorkuveranna og flutningi þeirra til landsins, vegagerð og uppsetningu. Í einhverjum tilvikum verður um heilmikla framræslu votlendis að ræða vegna gerð undirstöðva mastranna, með tilheyrandi losun gróðurhúsalofttegunda.

Rannsóknir Nátturfræðistofnunar Íslands sýna að haförnum og öðrum ránfuglum er hættara að fljúga á vindmyllur en flestum öðrum fuglategundum, en sumir vindorku kostirnir sem voru í umfjöllun 4. áfanga rammaáætlunar eru í farleiðum fyrir haferni. Í Noregi farast árlega fjöldi haferna sem fljúga á spaða vindmylla þar. Erlendar rannsóknir sýna að mikill fjöldi fugla verða vindorkuverum að bráð víðs vegar í heiminum.

Staðsetning vindmylla og vindorkuvera í byggð hefur mikil og víðtæk búsetuáhrif. Hætt er við að fólk muni síður setjast að á þeim svæðum þar sem sveitarstjórnir kunna að heimila


uppsetningu vindorkuvera og þeir sem fyrir eru munu frekar flýja þær sveitir ef þeir mögulega geta. Víti til varnaðar er heimild Rangárbings ytra um uppsetningu tveggja vindmylla fyrir nokkrum árum alveg við byggðina í Þykkvabæ, sem er elsta þorp landsins. Þær eru þó mun lægri en í fyrirhuguðum vindorkuverum. Þar með skaðaði sveitarfélagið útsýni eigin íbúa og ferðapjónustu þeirra, og í nágrannasveitarfélögum. Hvers eiga íbúar Þykkvabæjar og nágrannabyggðanna að gjalda? Þrátt fyrir að vindmyllurnar hafi verið óstarfhæfar á síðustu misserum eru þær ekki fjarlægðar og eru öllum til ama sem líta þær augum. Samkvæmt erlendum rannsóknum þá leikur enginn vafi á því að þær hefðu haft heilsuspillandi áhrif á íbúa þeirra húsa sem næst þeim eru, ef þær hefðu haldið orkuvinnslu áfram. Íbúar Þykkvabæjar gleðjast þó yfir að gnýrinn frá þeim angrar þá ekki lengur.

Alþingi verður að horfa til hagsmuna ferðapjónustu og útivistar enda er ferðapjónustan orðin stærsta gjaldeyrisskapandi atvinnugrein þjóðarinnar og hún skapaði flest ný störf í landinu eftir bankakreppuna og fyrir kórónuveirufaraldurinn. Til þess að skapa þessari atvinnugrein gott rekstrarumhverfi skiptir miklu máli að viðhalda þeirri sérstöðu sem landið hefur í hugum erlendra ferðamanna. Sú sérstaða byggist á einstakri náttúru, sér í lagi stórum landsvæðum sem eru að mestu án mannvirkja. Það þýðir að landsvæði án vindmylla munu hafa enn meira aðdráttarafl í hugum ferðamanna í framtíðinni en þau hafa nú. Einn af styrkleikum ferðamannalandsins Íslands er því að hafa upp á slík svæði að bjóða. Ef óheft uppbygging á vindorkuverum yrði leyfð, eins og líklegt er undir forræði sveitarstjórna, myndi svæðum án vindmylla fljótt fækka, eins og gerst hefur víða erlendis en af allt öðrum ástæðum.

Hvernig dettur einhverjum í hug að þessi vindorkuver skapi atvinnu í einhverjum mæli í hlutaðeigandi sveitum? Það verður fyrst og fremst stórir sérhæfðir erlendir verktakar og utanaðkomandi aðilar sem hafa mjög tímabundin verkefni. Eftirlit með vindorkuverunum verður rafrænt og stýrt úr fjarlægð eins og í öðrum orkuverum á landinu.

Vegna hagsmuna ferðapjónustunnar, útivistarfólks og allra náttúruunnenda er mjög mikilvægt að forðast að vindorkuver verði einkennandi landslagsfyrirbæri á Íslandi. Til þess að varðveita sérstöðu íslensks landslags er ljóst að það fyrirfinnst enginn staður hér á landi þar sem vindorkuver geta verið í sátt við náttúruna og okkur sjálf.

Virðingarfyllt,



Sveinn Runólfsson,

Tröllhólum 39

800 Selfoss

893 0830

sveinnrun@gmail.com